

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F11/2025

Reykjavík, 27. júní 2025

Tryggingastofnun
Hlíðasmára 11
201 Kópavogi

Umboðsmaður Alþingis hefur við meðferð mála þar sem aðilar hafa kvartað til hennar yfir ákvörðunum Tryggingastofnunar orðið vör við tilvik þar sem ákvarðanir stofnunarinnar voru nafnlausar, þ.e. að undir þær var ekki ritað með nafni þeirra starfsmanna sem stóðu þeim að baki.

Umboðsmaður Alþingis hefur áður tekið afstöðu til þessa álitaefnis í framkvæmd Tryggingastofnunar, sbr. álit umboðsmanns frá 2. júlí 2021 í máli nr. 10652/2020 þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að sú afstaða Tryggingastofnunar að birta almennt ekki nöfn starfsmanna sem stæðu að baki ákvörðunum stofnunarinnar væri ekki í samræmi við kröfur sem gera yrði til forms og framsetningar stjórnvaldsákvarðana í ljósi réttaröryggissjónarmiða og vandaðra stjórnsluháttar.

Áður en umboðsmaður tekur ákvörðun um hvort málið verði nú tekið til frekari athugunar á grundvelli frumkvæðisheimildar hennar er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að stofnunin veiti upplýsingar um hvort það sé almennt verklag hjá henni við meðferð mála að ákvarðanir og rökstuðningur þeirra séu ekki undirritaðar með nafni þeirra starfsmanna sem afgreiða málið eða það tilgreint með öðrum hætti. Sé svo er þess óskað að stofnunin veiti skýringar á því hvernig hún telur þá starfshætti samrýmast þeim réttaröryggiskröfum sem leiða af skráðum og óskráðum reglum stjórnsluréttarins. Hefur umboðsmaður þar sérstaklega í huga að málсаðili geti gert sér grein fyrir því hvaða starfsmanni stjórnvaldsins var falið að afgreiða málið og þar með að hann sé bær til þess, hvort sá starfsmaður uppfylli hæfisskilyrði stjórnslulaga til meðferðar þess og hvort afgreiðsla þess sé að öðru leyti í samræmi við lög.

Í þessu sambandi skal tekið fram að umboðsmanni er kunnugt um úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála í málum nr. 97/2019, 432/2019 og 135/2020 þar sem nefndin fjallaði um hvort Tryggingastofnun hefði verið heimilt að synja kæranda um upplýsingar um meðal annars nöfn starfsmanna sem komu að málí viðkomandi. Nefndin féllst ekki á að slikt væri heimilt.

Þess er óskað að svar stofnunarinnar berist umboðsmanni ekki síðar en 8. ágúst nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT